

**Nd. 13. Frumvarp til laga [13. mál]**

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

**1. gr.**

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1953 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

**2. gr.**

Í stað 2. og 3. másl. 1. málgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðspóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

**3. gr.**

Við a-lið 1. málgr. 22. gr. laga nr. 100/1948 bætist: Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðspóknun hans.

Í stað orðanna „án frádráttar nokkurs kostnaðar“ í 2. másl. 2. mgr. sömu greinar komi: án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að halda eftir og greiða.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er lagt til að framlengd verði ákvæði um tekjuöflun, sem sett voru með lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim.